



SAMTÖK ATVINNULÍFSINS

Alþingi
Félags- og tryggingamálanefnd
Austurstræti 8 – 10

150 REYKJAVÍK

Reykjavík 4.12. 2007

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um greiðslur Atvinnuleysistryggingasjóðs vegna fiskvinnslufólks, 162. mál.

Samtök atvinnulífsins hafa fengið til umsagnar frumvarp til laga um greiðslur Atvinnuleysistryggingasjóðs vegna fiskvinnslufólks, 162. mál, fjölgun greiðsludaga.

Frumvarp þetta er liður í mótvægis aðgerðum stjórnvalda vegna ákvörðunar um samdrátt þorskveiðiheimilda. Samkvæmt gildandi lagareglum eiga fiskvinnslufyrirtæki sem greiða starfsfólki sínu laun í tímabundinni vinnslustöðvun rétt til greiðsla úr Atvinnuleysistryggingasjóði í allt að 45 daga á ári og mest 20 daga samfellt í einni vinnslustöðvun.

Með frumvarpinu fjölgar þessum greiðsludögum úr 45 í 60 á ári tímabundið næstu tvö ár og heimilt verður að greiða allt að 30 daga samfellt í sömu vinnslustöðvun. Breytingarnar hafa það að markmiði að gera fiskvinnslufyrirtækjum kleift að halda starfsfólki sínu lengur á launaskrá í stað þess að beita uppsögnum til að mæta þeim aflasamdrætti sem af kvótaskerðingu leiðir. Eins og fram kemur í athugasemdum frumvarpsins var haft samráð við Samtök fiskvinnslustöðva og Starfsgreinasambandið við gerð frumvarpsins.

Samtök atvinnulífsins styðja þetta lagafrumvarp.

Virðingarfyllst,

Jón R. Pálsson